8. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2026 - 2027
26. október 2026 kl. 17:00
Reiðhöllin Víðidal

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Árni Reynir Alfreðsson (ÁRA), Eva Kærnested (EK), Arnar Máni Sigurjónsson (AMS), Brynja Kristín Magnúsdóttir (BKM) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda voru samþykktar samhljóða.

2. Reykjavíkurmeistaramót

Fulltrúar mótanefndar, Aníta Lára Ólafsdóttir og Elín Hulda Halldórsdóttir, mæta á fund stjórnar undir þessumm lið. Farið er yfir málin hvað varðar færslu Íslandsmóts ungmenna og fullorðinna 2027 á þá viku sem Reykjavíkurmeistaramót hefur verið haldið undanfarin ár eða 14.-20. júní 2027.

Rætt er um tvo kosti og annar er sá að skipta Reykjavíkurmeistaramóti í tvennt; fullorðnir og ungmenni 3.-6. júní og aðrir flokkar 14.-20. júní. Hinn kosturinn er að halda okkur við alla flokka 14.-20. júní og þeirra árangur gildir ekki inn á Íslandsmót.

Eftir umræður mótanefndar og stjórnar er ákveðið að bjóða LH upp á fyrri kostinn. HS er falið að senda bréf þess efnis til LH.

3. Bréf til borgarstjóra varðandi lóðarleigusamninga í Víðidal

Bréfið hefur verið sent borgarstjóra og HS hefur fengið staðfestingu á móttöku og staðfestingu á því að erindið sé komið í ferli innan borgarinnar.

4. Bréf til borgarstjóra vegna öryggismála

HS hefur skrifað bréf til borgarstjóra sem er samantekt yfir atriði sem ógna öryggi á félagssvæði félagsins og í nágrenni þess. Farið er yfir þau atriði sem þar er að finna og er af ýmsu að taka. Flest atriðin snúa að lýsingu, viðhaldi reiðvega og merkingum.

Stjórn samþykkir bréfið. HS mun í framhaldinu senda það til borgarstjóra.

5. Fundur með borgarfulltrúum – Hestar fyrir alla

HS og EG hittu formann velferðarráðs og formann íþrótta- og útilifsráðs Reykjavíkur, þau Ragnhildi Öldu Vilhjálmsdóttur og Bjarna Guðjónsson varðandi verkefnið „Hestar fyrir alla“ sem snýr að því að virkja fólk með fötlun og taugafjölbreytileika í hestamennsku. Áttum gott samtal og voru þau áhugasöm um verkefnið og möguleika að hvernig hægt er að vinna það áfram.

6. Tiltekt á kerrusvæði

Á kerrusvæðinu er fullt af kerrum sem ekki eru hestakerrur. Ákveðið er að taka þær kerrur sem hafa ekki verið hreyfðar í mörg ár eða líta út fyrir að vera ónýtar og setja saman og auglýsa eftir eigendum. Ef eigendur gefa sig ekki fram þá verður kerrunum fargað.

7. Staða rekstrar jan – september

HS fór yfir stöðu rekstrar frá janúar til september. Reksturinn er á áætlun.

8. Framkvæmd á kaldavatnslögn við Vatnsveituveg

HS og EG hittu eftirlitsaðila með framkvæmdum á kaldavatnslögn á Vatnsveituvegi þar sem farið var yfir umfang framkvæmda. Verkið er mjög stórt en gengur vel og er á áætlun. Það er þó líklegt að reiðvegur verði ekki klár til notkunar fyrr en næsta sumar.

9. Fundur með slökkviliðinu vegna Almannadals

HS átti fund með slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS). SHS fór í vettvangsheimsókn í Almannadal í lok sumars og í framhaldi sendi þeim eigendum bréf þar sem úrbóta á brunavörnum er þörf.

HS fór yfir samtal sitt við SHS varðandi Almannadal og önnur hesthúsahverfi.

10. Afreks- og hvatningarsjóður

Nokkrar umsóknir hafa borist í afreks- og hvatningarsjóð. Boða þarf fund í stjórn sjóðsins og fara yfir styrkbeiðnir. Úthluta þarf úr sjóðnum fyrir 1. desember. IH er formaður stjórnar sjóðsins og er honum falið að boða til fundar í stjórninni.

11. Fundur vegna Bústaðavegar og Vatnsveituvegar

HS og EG áttu fund með borgarstarfsmönnum varðandi Vatnsveituveg 3 sem borginn er nýlega búin að kaupa. Borgin er að skoða hvort hægt sé að nýta húsið í hestatengda starfsemi.

Þá voru einnig rædd húsin á Bústaðavegi en borgin hefur nú hug á að húsin verði rifin og fjarlægð. Samkvæmt samningi frá 1997 á Fákur að fjarlægja húsið. Fákur gerði hins vegar samning við Atlantsolíu árið 2010 um að þeir taki yfir skyldur Fáks um niðurrif gegn því að fá að auglýsa á húsinu.

12. Önnur mál

Rætt um komandi landsþing LH.

Fundi var slitið kl. 18:45.